

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 5. apríl 2024
UST202403-156/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýtt deiliskipulag - Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýs deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár.

Í erindinu kemur fram skipulagssvæðið verði stækkað úr 4,1 ha í 10,1 ha. Breytingin gengur út á að efnistökusvæði (E-3) verði fellt út og allt svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-3), sem stækkar sem því nemur. Svæðið stækki einnig til vesturs þar sem efnistaka hefur farið lítillega út fyrir skilgreint efnistökusvæði inn á reit fyrir opið svæði (OP-5), sem minnkar sem því nemur.

Efnistökusvæði

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæði verði fellt út en einnig kemur fram að efni verði áfram tekið úr efnisnámu á vestur- og suðurhluta svæðisins í tengslum við landmótun fyrir nýjar lóðir. Stofnunin telur að skýrt þurfi að vera hvort áfram verði um efnistöku að ræða á svæðinu með öflunar efnis sem megintilgang, eða hvort eingöngu verði um að ræða framkvæmdir við undirbúning iðnaðarlóða.

Verndarsvæði

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á verndarsvæði Breiðarfjarðar vegna nálægðar við verndarsvæðið í umhverfismati í kafla 5. Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja. Auk þess er Breiðafjörður skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og því mikilvægt að fjalla um svæðið og meta áhrif tillögunnar á það. Einnig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatnsverndarsvæðið vegna nálægðar við það.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir að ofanvatn verði meðhöndlað að hluta eða öllu leyti með blágrænum ofanvatnslausnum.

Umhverfisstofnun bendir á að huga þarf að áhrif tillögunnar á vatn, ef einhver áhrif verða, í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Íbúðarbyggð

Í greinargerð segir að til mótvægis er tekið fram í skilmálum að svæði sé ekki ætlað fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft mengun í för með sér, s.s. stórar verksmiðjur, virkjanir, skólpadælu- og hreinsistöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi varning. Áskilið er að tekið sé tillit til nálægðar íbúðarbyggðar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vegna nálægðar við íbúðarbyggð séu gerðir nákvæmir skilmálar þ.e. að svæðið sé ekki ætlað starfsemi sem mun valda hljóð, loft og lyktarmengun eða öðrum óþægindum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur